

12. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps , Végarði, 09.04 2015, kl. 13.30

Allir aðalmenn mættir: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Lárus Heiðarsson, Þorvarður Ingimarsson og Gunnþórunn Ingólfssdóttir.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita

2. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2014, fyrri umræða

3. Vatnajökulsþjóðgarður

Tillaga stjórnar að breytingum á Stjórnar-og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

4. Hengifoss

a) Tillaga að deiliskipulagi Hengifossvæðis

b) Fornleifaskráning, kostnaðaráætlun Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga, dags. 23.03 2015

5. Skólamálefni

a) Fundargerðir starfshóps um málefni Hallormsstaðaskóla 05.03- 16.03 og 23.03

b) Drög að samningum við Fljótsdalshérað um grunn-leik –og tónlistarskólaþjónustu

6. Styrkvegir, umsókn 2015

7. Minjasafn Austurlands

Ósk um aukaframlag aðildarsveitarfélaga v. uppsafnaðs halla á rekstri.

8. Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs

Framkvæmdaáætlun í barnavernd 2015, starfsáætlun félagsþjónustunnar 2015, reglur um sérstakar húsaleigubætur 2015.

9. Bréf

a) Lánasjóður sveitarfélaga dags. 30.03 og 30.03

b) Forsætisráðuneytið dags. 25.03

c) Skipulagsstofnun dags . 19.03

d) Starfsháttanefnd Austurbrúar dags. 18.03

e) Innanríkisráðuneytið dags. 17.03

10. Umhverfisstyrkir

Lárus og Sigríður, Droplaugarstöðum

11. Fjárbeiðnir

- a) ÚÍA , Tour de Ormurinn 2015
- b) ÚÍA , vegna Sambandsþings ÚÍA
- c) Gunnarsstofnun
- d) Félag skógarbænda á Austurlandi/Skógardagurinn mikli

12. Fundargerðir

- a) Aðalfundargerð Gróðrarstöðvarinnar Barra ehf 26.03 2015, ásamt fylgigögnum.
- b) Fundargerð aukaaðalfundar Skólaskrifstofu Austurlands 06.03 2015
- c) Upphéraðsklasi 09.03 2015
- d) Ársalir 31.03

13. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita.

2 nemar í Listaháskóla Íslands sem áhuga hafa á samstarfi um endurbætur/uppbýggingu gangnamannakofa/sæluhúsa ,leituðu til oddvita varðandi upplýsingar um mannvirki af þeim toga í Fljótsdalshreppi.

Stjórn SSA hefur samþykkt að aðalfundur sambandsins árið 2015 verði á Djúpavogi 2.- 3.október.

Oddviti sat sem fulltrúi Fljótsdalshrepps ,aukaaðalfund Skólaskrifstofu Austurlands á Fáskrúðsfirði 5. mars sl., þar rituðu fulltrúar aðildarsveitarfélaganna undir nýjan byggðasamlagssamning. Einnig sat oddviti Gróðrarstöðvarinnar Barri ehf , á Egilsstöðum 26. mars og Lárus varaoddviti var fulltrúi Fljótsdalshrepps á fundi Menningarráðs Austurlands á Seyðisfirði 24. mars. Oddviti , Anna Jóna og Eiríkur sátu fund um skólamannvirki á Hallormsstað 11. mars og oddviti , Skotta , Arna Björg og Skúli Björn funduðu með fulltrúum Austurbrúar á Skriðuklaustri 23. mars, fundarefni var verkefni sem Austurbrú vinnur að og hlotið hefur vinnuheitið „Áfangastaðurinn Austurland“.

Byggingarnefnd um hjúkrunarheimili á Egilsstöðum, bauð sveitarstjórnarmönnum á svæðinu til vígsluathafnar laugardaginn 21. mars. Hjúkrunarheimilið hefur hlotið nafnið „Dyngja“.

Endurvinnslufyrirtækið Hringrás hefur sent sveitarfélögum upplýsingar um stafsemi fyrirtækisins , með samstarf í huga og minnir á heimasíðu fyrirtækisins www.hringras.is

Oddviti hefur fyrir hönd Fljótsdalshrepps ritað undir samning við Framkvæmdasjóð ferðamanna vegna úthlutaðs 5 millj, kr. styrks til framkvæmda á Hengifossvæðinu.

Austurbrú hefur auglýst eftir umsóknum í nýja Uppbyggingarsjóð Austurlands, sem er sjóður sem sameinar það sem fyrir var verkefnastyrki til menningarmála, stofn og rekstrarstyrki til menningarmála og vaxtarsamning. Umsóknarfrestur er til 12. apríl.

Samkvæmt útkomnu fréttabréfi Minjaverndar Íslands, hefur Fljótsdalshreppur hlotið 300 þús kr. styrk til lagfæringa á Melarétt, ekki hefur komið formleg tilkynning um styrkveitinguna.

Viðgerðarmenn frá Tengi voru í Végarði 26. mars og skiptu út varaafgjafa fyrir ljósleiðarakerfið, einnig var skipt um kapla frá tengiskáp í stýrikerfi ljósleiðarabúnaðs og vonast er til að það stuðli að stöðugra sambandi.

Landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga sem ítrekað hefur verið frestað er nú fyrirhugað föstudaginn 17. apríl. Oddviti situr þingið sem fulltrúi Fljótshrepps og verður skrifstofa í Végarði því lokuð 16. og 17. apríl.

2. Ársreikningur Fljótshrepps 2014, fyrri umræða. Ársreikningurinn yfirfarinn og samþykkt að vísa honum til 2. umræðu.

3. Vatnajökulspjóðgarður

Tillaga stjórnar að breytingum á Stjórnar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Tillagan kynnt og ákveðið að ekki verði gerðar athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til.

4. Hengifoss

a) Tillaga að deiliskipulagi Hengifossvæðis

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi Hengifossvæðis, unnin af verkæðistofunni Mannvit hf, dags. 04.01 2015. Tillagan samanstendur af greinagerð með umhverfisskýrslu og korti .

Sveitarstjórn vísar gögnunum til umsagnar Byggingar- og skipulagsnefndar Fljótshrepps og með vísan í 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og ákv. gr. 5.6.1 í skipulagsreglugerð, er samþykkt að kynna íbúum og hagsmunaaðilum tillöguna á almennum fundi í Végarði, stefnt er að því að fundurinn verði haldinn þriðjudagskvöld 29.04 kl 20.30

b) Fornleifaskráning, kostnaðaráætlun Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga, dags. 23.03 2015. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 445.036,- m.vsk. Samþykkt að taka tilboði Guðnýjar Zoega hjá Byggðasafni Skagfirðinga, í skráningu fornleifa á deiliskipulagssvæðinu.

5. Skólamálefni

a) Fundargerðir starfshóps um málefni Hallormsstaðaskóla 05.03- 16.03 og 23.03. Kynntar.

b) Drög að samningum við Fljótshérað um grunn-leik – og tónlistarskólaþjónustu. Fyrirliggjandi samningsdrög samþykkt og oddvita falið að skrifa undir samningana fyrir hönd sveitarfélagsins.

6. Styrkvegir, umsókn 2015. Samþykkt að sækja um styrk vegna vegbóta frá Egilsstöðum í Kleif, slóð inn í Eyjakofa og slóð á Gilsárdal.

7. Minjasafn Austurlands

Ósk um aukaframlag aðildarsveitarfélaga v. uppsafnaðs halla á rekstri. Samþykkt að greiða kr. 59.525- sem er hlutur Fljótshrepps í hallanum.

8. Félagsþjónusta Fljótshéraðs

Framkvæmdaáætlun í barnavernd 2015, starfsáætlun félagsþjónustunnar 2015. Kynnt. Reglur um sérstakar húsaleigubætur 2015. Samþykkt að hálfu Fljótshrepps.

9. Bréf

- a) Lánasjóður sveitarfélaga dags. 30.03 og 30.03. Boðað til aðalfundar Lánasjóðs Sveitarfélaga 17. apríl í Salnum Kópavogi kl 15.30-. Jafnframt er auglýst eftir framboðum til stjórnar.
- b) Forsætisráðuneytið dags. 25.03. Boðað er til fundar 20. maí í húsakynnum Fljótsdalshéraðs um málefni þjóðlenda.
- c) Skipulagsstofnun dags . 19.03. Varðar landsskipulagsstefnu. Kynnt.
- d) Starfsháttanefnd Austurbrúar dags. 18.03. Varðar tilnefningar í stjórn Austurbrúar. Kynnt
- e) Innanríkisráðuneytið dags. 17.03. Varðar siðareglur kjörinna fulltrúa í Fljótsdalshreppi og staðfestingu ráðuneytisins á ákvörðun sveitarstjórnar um að reglurnar skuli standa óbreyttar út kjörtímabilið.

Lárus vék af fundi vegna næsta liðar.

10. Umhverfisstyrkir

Lárus og Sigríður, Droplaugarstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur.

Lárus kom aftur til fundar.

11. Fjárbeiðnir

- a) ÚÍA , Tour de Ormurinn 2015. Samþykktur styrkur að upphæð kr. 50.000.
- b) ÚÍA , vegna Sambandsþings ÚÍA sem haldið verður á Hallormsstað. Samþykkt að greiða styrk vegna kaffiveitinga á sambandsþinginu kr. 40.000.
- c) Gunnarsstofnun. Ósk um lækkun fasteigngjalda fyrir árið 2015. Á grundvelli reglna um lækkun , niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatt í Fljótsdalshreppi (5. grein um friðuð hús) , samþykkir sveitarstjórn að veita styrk að upphæð kr. 150.000.
- d) Félag skógarbænda á Austurlandi/Skógardagurinn mikli 2015. Samþykkt að veita styrk að upphæð kr. 100.000.

12. Fundargerðir

- e) Aðalfundargerð Gróðrarstöðvarinnar Barra ehf 26.03 2015, ásamt fylgigögnum. Kynnt.
- f) Fundargerð aukaaðalfundar Skólaskrifstofu Austurlands 06.03 2015. Kynnt.
- g) Upphéraðsklasi 09.03 2015. Kynnt.
- h) Ársalir 31.03. Kynnt.

13. Önnur mál.

- a. Skv íbúaskrá 1. des. 2014 eru íbúar 75 og hefur fjölgað um sjö frá árinu áður.
- b. Samþykkt að kaupa styrktarauglýsingu í Austurglugganum, vegna umfjöllunar um opnun Hjúkrunarheimilisins Dyngju á Egilsstöðum kr. 7.900 án vsk.
- c. Samþykkt að selja Óbyggðasetri þrjá vinnuskúra, samtals söluverð kr. 300.000.

d. Eiríkur afhenti ársreikning Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps fyrir árið 2014

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.00

Þorvarður ritaði fundargerði í tölvu.
